

Alþingi  
Erindi nr. þ 137/461  
komudagur 29.6.2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



Reykjavík, 22. júní 2009

88. mál

Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um tillögu til þingsályktunar á þingskjali nr. 103

Hagsmunasamtök heimilanna (HH) vilja veita eftirfarandi umsögn um tillögu til þingsályktunar á þingskjali nr. 103, flutningsmenn Bjarni Benediktsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir og aðrir þingmenn þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Umsögn HH mun ein-skorðast við töluliði a til d Heimilin. Vissulega hafa HH miklar áhyggjur af stöðu fyrirtækjanna, fjármálum hins opinbera, fjármálamarkaða og peningamálastjórnunar og finnst full ástæða til að þau mál verði endurskoðuð til að skapa betri aðstæður fyrir vöxt í íslensku samfélagi. Samtökin vilja þó einskorða sig við þau málefni félagsmanna sinna sem varða þá teint, þ.e. stöðu heimilanna.

Fjallað er um hvern lið a - d sérstaklega hér fyrir neðan.

**Heimilin:**

- a) Hagsmunasamtök heimilanna fagna því að tillagan geri ráð fyrir rýmkun skilyrða þess að heimilin geti lækkað greiðslubyrði húsnæðislána. Samtökin vara þó eindregið við því, ef taka á slíkt skref, að eingöngu sé horft til lengingar í lánum, út í hið óendanlega, eða jafnvel út fyrir gröf og dauða lántakenda. Höfuðstólshækkunir og vaxandi greiðslubyrði heimilanna er á ábyrgð stjórnvalda, eftirlitsaðila, stórfyrirtækja og fjármálastofna og tilkomin vegna aðgerða eða aðgerðaleyfis þessara aðila. Af þeim sökum hefur orðið algjör forsendubrestur varðandi íbúðalán heimilanna. Allar lausnir þurfa að taka mið af því að lántakendur séu ekki skuldsettir út fyrir gröf og dauða og þar með að fólk geti farið með reisn á eftirlaun en sé ekki fast alla ævi í skuldaklafa og ánaud. Lækkun greiðslubyrði þarf því að miðast við leiðréttingar á höfuðstóli gengistryggðra og vísitölutryggðra lána heimilanna.
- b) Mikilvægt er að almennar leiðréttingar á höfuðstól gengistryggðra og vísitölutryggðra lána heimilanna eigi sér stað en að skuldurum sé ekki mismunað á grundvelli **sérstakra aðstæðna**, þar sem slíkt er eingöngu til þess fallið að koma í veg fyrir gagnsæi og samtímis auka upplifun almennings á ógagnsæi, ósanngirni og ójafnræði milli skuldara. Það er ekki síður mikilvægt að lagt sé upp með jafna meðferð heimila en fyrirtækja og tryggja þarf þar einnig sanngjarnt verklag og jafnræði. Stjórnvöld þurfa að hafa dug og þor til að finna lausn á því máli.

Í frumvarpinu er fjallað um **fjármál hins opinbera** og þar lögð fram hugmynd um skattlagningu inngreiðslna lífeyrisgreiðslna í stað útgreiðslna og að þær tekjur (allt að 40 milljörðum á ári) séu notaðar til að auka tekjur ríkissjóðs. Nærtækara væri að nota þær tekjur til lækkunar höfuðstóls skulda heimilanna. Samtökin taka undir og vilja leggja áherslu á mikilvægi þess að þessi kerfisbreyting skerði ekki ráðstöfunartekjur launþega, þar sem heimilin þola hvorki auknar álögur né meiri tekjuskerðingu en raunin er nú þegar. Í þessu samhengi er vert að hafa í huga að lífeyrissjóðirnir eru í eigu almennings og eðlilegt að þær tekjur sem þarna verða til séu nýttar heimilunum til


hagsbóta og til þess að glæða með heimilum landsins von um réttlátari, sanngjarnari og fjölskylduvænni rekstrargrundvöll á Íslandi.

Varðandi þá hugmynd að mynda sérfræðingahóp til að fjalla um leiðir til að lækka höfuðstól fasteignaveðlana, þá telja samtökin nauðsynlegt að samtök neytenda / lán-takenda, eins og Hagsmunasamtök heimilanna, eigi fulltrúa í öllum þeim nefndum og hópum þar sem hagsmunamál þeirra eru rædd. Sá tími er liðinn, að hægt sé að ákveða einhliða og síðan tilkynna lán-takendum hvaða lausnir þeim eru í boði. Lán-takendur, eða aðilar sem láta sig varða hagsmuni þeirra, þurfa að eiga óhindraðan aðgang, málfrelsi og tillögurétt varðandi allar ákvarðanir sem teknar eru um hagsmuni þeirra. Samtökin leggja því til að b – lið verði breytt þannig að aftan við orðið „stjórn-mála-flokka“ bætist „og hagsmunasamtaka lán-takenda og neytenda, svo sem Hagsmuna-samtaka heimilanna, Neytendasamtakanna, Húseigendafélaginu og Talsmanni neytenda“.

- c) Hagsmunasamtök heimilanna eru sammála því að stimpilgjöld verði alfarið afnumin. Stimpilgjöld eru barn síns tíma og gera má ráð fyrir að afnám þeirra hjálpi einhverjum við endurfjármögnun og hagræðingaraðgerðir á næstu mánuðum.
- d) Þó mikilvægt sé að sporna við atvinnuleysi vilja samtökin vara við því að aðgerðir hins opinbera einskorðist við orkufrekan iðnað og atvinnusköpun sem fyrst og fremst skapa karlastörf á sama tíma og samdráttur er fyrirhugaður með jafnvel uppsögnum í dæmigerðari kvennastörfum, s.s. eins og í heilbrigðis- og menntageiranum. Huga þarf að lausnum á breiðum grunni og tryggja fjölbreytni. Stjórnvöld, núverandi og fyrri, misstu af gullnu tækifæri á mánuðunum eftir bankahrunið til að setja upp varnarlínu til að verja störfin og þar með tekjuöflun heimilanna. Framundan er gríðarlegt verk við að vinna upp það sem glataðist. Það verður að vera forgangsmál að vinna til baka þau störf sem þannig glötuðust, áður en leitað er í gamaldags, fjár- og tímafrekar leiðir stóriðju sem hafa óhemjulangan undirbúningstíma. Finna þarf lausnir sem virka strax, þó eiga megi hinar uppi í handraðanum fyrir atvinnuuppbyggingu til lengri tíma. Samtökin telja að besta leiðin til að endurheimta glötuð störf sé að auka neysluna í þjóðfélaginu, eða með því að endurheimta heimilin úr neyslufrystingu. Aukin neysla heimilanna skilar sér í meiri veltu hjá fyrirtækjum og veltusköttum til hins opinbera. Aukin velta skapar svigrúm hjá atvinnulífínu að fjölga störfum sem skilar sér í meiri sköttum til ríkis og sveitarfélaga. Auknar tekjur hins opinbera verða til þess, að auðveldara verður að standa vörð um velferðarsamfélagið.

Fyrir hönd Hagsmunasamtaka heimilanna

  
Arney Einarsson

  
Marinó G. Njálsson